

Nd.

442. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþykkt með breytingum þeim, er felast í eftirfarandi breytingartillögum. Þess skal sérstaklega getið, að tillagan um að fella niður greiðslur tóbakseinkasöllumnar til byggingarsjóðsins og hækka í þess stað heint framlag ríkissjóðs er borin fram í samráði við fjármálaráðherra.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Í stað greinarinnar komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
 - a. (1. gr.) 2. liður 3. laganna orðist svo:

Ríkissjóður leggur árlega í sjóðinn kr. 150000.00, en jafnframt fellur niður tillag til sjóðsins samkv. 14. gr. laga nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Við sömu lagagrein bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skulu framlög ríkissjóðs og bæjar- og sveitarsjóða til byggingarsjóðs samkv. 1. og 3. tölulið hækka til samræmis við vísitölu kauplagsnefndar 1. október það ár, sem framlagið ber að greiða.
 - b. (2. gr.) Aftan við 3. tölulið 6. gr. laganna bætist:

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal þó miða við upphæðir þessar hækkaðar í samræmi við meðalvísitölu næsta árs á undan.
2. Fyrirsögn frv. verði:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, og l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Alþingi, 9. maí 1941.

Bergur Jónsson,	Vilmundur Jónsson,	Jóhann G. Möller.
form.	fundaskr., frsm.	
Gísli Guðmundsson.	Garðar Þorsteinsson.	